

/ ISAVIA INNANLANDSFLUGVELLIR

GJALDSKRÁ FLUGVALLA UTAN
KEFLAVÍKURFLUGVALLAR

Gildir frá 1. apríl 2025



ISAVIA

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	3
2. Flugvallargjöld	4
2.1 Lendingargjald	4
2.2 Farþegagjöld	4
2.3 Stæðisgjald	5
2.4 Flugverndargjald	5
2.5 Gjald fyrir þjónustu utan opnunartíma	6
3. Önnur gjöld	6
3.1 Aðgangskort og fjarstýringar	6
3.2 Gjald fyrir úrvinnslu krana og/eða annara hindrana í nágrenni flugvalla.....	6
3.3 Gjald fyrir beiðni um drónaflug í nágrenni flugvalla.....	7
3.4 Flugvallarþjónusta	7
4. Annað	7

1. INNGANGUR

Isavia samstæðan rekur öflugt net flugvalla á Íslandi og flugleiðsögupjónustu á einu stærsta flugstjórnarsvæði heims. Isavia Innanlandsflugvöllir er þjónustufyrirtæki í rekstri flugvalla og leggur grunn að öflugum flugsamgöngum á Íslandi.

Í eftirfarandi skjali eru fluggjöld þeirra flugvalla sem Isavia Innanlandsflugvöllir reka. Gjöldin hafa verið samþykkt af Innviðaráðuneytinu og kynnt á notendafundi þann 1. nóvember 2024.

Gjaldskráin gildir frá 1. apríl 2025, gjöldin eru endurskoðuð árlega en Isavia Innanlandsflugvöllir áskilur sér rétt til þess að breyta gjaldskránni ef ástæða þykir til.

Fyrirtækið er ekki ábyrgt fyrir innsláttarvillum eða öðrum villum sem kunna að vera í þessu skjali.

Viðskiptaskilmála Isavia Innanlandsflugvalla ehf. er að finna á heimasíðu Isavia samstæðunnar: www.isavia.is.

Notendum er bent á að gjaldskrá Isavia Innanlandsflugvalla er eingöngu vegna þjónustu sem Isavia Innanlandsflugvöllir veitir og hún inniheldur ekki gjöld vegna annarra flugþjónustuaðila á innanlandsflugvöllum.

Vinsamlegast hafið samband við innheimta@isavia.is fyrir athugasemdir við reikninga.

2. FLUGVALLARGJÖLD

Eftirfarandi eru flugvallargjöld fyrir flugvelli innanlandskerfis utan Keflavíkurflugvallar.

2.1 LENDINGARGJALD

Fyrir hverja skráða landingu loftfars skal greiða landingargjald. Gjaldið er reiknað fyrir hver byrjuð 1.000 kg af hámarksflugtaksmassa loftfars (MTOW)¹ fyrir hverja landingu.

Lendingargjaldið er eftirfarandi:

Flugvöllur	ISK fyrir hvert byrjað MTOW
Reykjavíkurflugvöllur	1.685
Aðrir flugvöllir	820

Undanþágur:

- a) Loftför í leitar- og björgunarflugi.
- b) Loftför sem lenda eftir að hafa farið prófflug eftir viðgerð enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.
- c) Loftför sem flytja þjóðarhöfðingja.
- d) Loftför í eigu íslenska ríkisins eða rekin af því.
- e) Loftör með hámarksflugtaksmassa undir 2.000 kg.

2.2 FARÞEGAGJÖLD

Farþegagjöld greiðast fyrir hvern brottfararfarþega með loftfari í áætlunar- og leiguflugi.

Farþegagjöld fyrir hvern brottfararfarþega eru eftirfarandi:

Aldur farþega	Reykjavíkurflugvöllur (ISK)	Aðrir flugvöllir (ISK)
12 ára og eldri	2.030	940
2-11 ára	1.135	465

Undanþágur:

- a) Börn yngri en 2 ára.
- b) Skráð áhöfn loftfars.

¹ MTOW þýðir hér hámarks flugtaksmassi loftfars sem leyfður er í skráningarríki loftfars.

2.3 STÆÐISGJALD

Sé flugvél skemur en 6 klst. í stæði reiknast ekki stæðisgjald. Eftir 6 klst. reiknast stæðisgjald frá komutíma til brottfarartíma.

Stæðisgjald er rukkað fyrir hver byrjuð 1.000 kg af hámarks flugtaks massa fyrir hvern byrjaðan sólarhring eins og neðangreind tafla sýnir.

Tími (klst frá komu að brottför)	ISK fyrir hvert byrjað MTOW
0 – 6 klst.	0
6 – 24 klst. (Fyrsti sólarhringurinn)	1.955
Næstu 24 klst. (Annar sólarhringurinn)	1.955
Hver sólarhringur eftir 48 klst.	1.200

Undanþágur:

- Loftför í leitar- og björgunarflugi.
- Loftför sem lenda eftir að hafa farið prófflug eftir viðgerð enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.
- Loftför sem flytja þjóðarhöfðingja.
- Loftför í eigu íslenska ríkisins eða rekin af því.

2.4 FLUGVERNDARGJALD

Flugverndargjald er greitt vegna brottfararfarþega í millilandaflugi frá Reykjavík, Akureyri og Egilsstöðum, er sæta vopnaleit skv. eftirfarandi töflu.

Aldur farþega	Gjald per farþega (ISK)
12 ára og eldri	2.435
2-11 ára	1.255

Flugverndargjald greiðist vegna skimunar á frakt í millilandaflugi skv. eftirfarandi töflu.

Frakt	Gjald per kg (ISK)
Frakt í millilandaflugi	40

Undanþágur fyrir farþega:

- Börn undir 2 ára.
- Skráð áhöfn loftfars.

2.5 GJALD FYRIR ÞJÓNUSTU UTAN OPNUNARTÍMA

Gjald fyrir þjónustu utan útgefins þjónustutíma, gildir einnig um sjúkraflug.

Opnunartíma flugvalla er að finna á eftirfarandi síðu: <http://eaip.samgongustofa.is/>

Flugvöllir	Tímabil	Gjald (ISK)
Reykjavík og Akureyri	16 apríl – 14 október	104.300
Reykjavík og Akureyri	15 október – 15 apríl	150.260
Aðrir innanlandsflugvöllir	16 apríl – 14 október	58.335
Aðrir innanlandsflugvöllir	15 október – 15 apríl	81.330

Undanþágur:

Hægt er að fá undanþágu t.d. fyrir áætlunarflug sem færast milli daga vegna veðurs. Sækja þarf skriflega um undanþágu frá þessu gjaldi til viðeigandi umdæmisstjóra áður en flugið á sér stað.

3. ÖNNUR GJÖLD

3.1 AÐGANGSKORT OG FJARSTÝRINGAR

Aðgangsskrifstofa Isavia sér um þjónustu vegna aðgangsmála svo sem útgáfu aðgangskorta, akstursleyfi, námskeið og gjöld vegna þessa. Gjaldskrá fyrir þessa þjónustu má nálgast á heimasíðu Isavia.

<https://www.kefairport.is/fyrirtaekid/upplysingatorg/gjaldskra>

3.2 GJALD FYRIR ÚRVINNSLU KRANA OG/EÐA ANNARA HINDRANA Í NÁGRENNI FLUGVALLA

Isavia Innanlandsflugvöllir ehf. innheimtir tímagjald fyrir úrvinnslu á hindranaumsóknum.

Sótt er um á heimasíðu Isavia: <https://www.innanlandsflugvöllir.is/innanlandsflugvöllir/um-okkur/umsoknir-eydublod/umsokn-um-krana-i-nagrenni-flugvallar>

Gjald per klst (ISK)	
Tímagjald sérfræðings	44.850

3.3 GJALD FYRIR BEIÐNI UM DRÓNAFLUG Í NÁGRENNI FLUGVALLA

Sækja þarf um heimild fyrir drónaflugi í nágrenni flugvalla. Sótt er um á heimasíðu Isavia:

<https://www.innanlandsflugvöllir.is/innanlandsflugvöllir/um-okkur/umsoknir-eydublod/beidni-um-dronaflug-i-nagrenni-flugvallar>

Ekki er innheimt gjald fyrir þessar umsóknir að svo stöddu.

3.4 FLUGVALLARÞJÓNUSTA

Flugvallarþjónusta flugvallarins býður upp á þjónustu sem snúa að eftirliti, fylgdum gesta og/eða varnings, skimun, handleit og/eða öðru sem kallar á sérþjálfun og þekkingu flugvallarstarfsmanns. Ávallt er tekið tímagjald fyrir slík verkefni, nema samið sé sérstaklega um annað.

Lágmarksgjald vegna aðstoðar flugverndarstarfsmanns er 1 klst

Aðstoð flugvallarþjónustu

	Gjald per klst (ISK)
Flugvallarstarfsmaður	10.000
Flugvallarstarfsmaður á bíl/tæki	15.000
Flugvallarstarfsmaður á stærri bíl/tæki	20.000

Ef óskað er eftir aðstoð fyrir utan dagvinnutíma.

	Gjald per (ISK)
Útkall flugvallarstarfsmanns	31.600

4. ANNAÐ

Flugleiðsögugjöld eru innheimt á íslenska flugstjórnarsvæðinu sjá meðfylgjandi slóð:

<https://www.kefairport.is/fyrirtaekid/upplýsingatorg/gjaldskra>

Gjöld sem innheimt eru vegna annarrar þjónustu Isavia eru á kostnaðargrunni.

Flugvallarnotendum erlendis frá er bent á a Tollstjóraembættið innheimtir gjöld fyrir komu flugvéla utan opnunartíma. Gjaldskrá Tollstjóra er á eftirfarandi slóð:

www.skatturinn.is/english/